



Verklagsreglur vegna Umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar

Verklag

- Almenningur og fyrirtæki geta tilnefnt þau svæði eða fyrirtæki í Mosfellsbæ til umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar sem þeim finnst skara framúr í umhverfismálum.
 - Veittar verða viðurkenningar í þremur aðskildum flokkum, sem hér segir:
 - Húsagarðar
 - Íbúagötur
 - Fyrirtæki og stofnanir
 - Veitt verður ein viðurkenning í hverjum flokki.
 - Eyðublöð til tilnefningar má nálgast í þjónustuveri Mosfellsbæjar og á www.mos.is
 - Tilnefningar þurfa að hafa borist þjónustuveri, garðyrkjustjóra eða umhverfisstjóra fyrir 1. ágúst.
 - Tilnefningar má einnig senda í tölvupósti á ofangreinda aðila.
- Garðyrkjustjóri Mosfellsbæjar og umhverfisstjóri Mosfellsbæjar fara yfir tilnefningar og finna út hvaða garðar, götur og fyrirtæki koma til greina til umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar.
- Gildar tilnefningar eru lagðar fyrir umhverfisnefnd til skoðunar og velur nefndin þá aðila sem hljóta umhverfisviðurkenningu Mosfellsbæjar á árinu.
- Umhverfisviðurkenningin verður afhent á bæjarhátíðinni „Í túninu heima“ sem haldin er í lok ágústmánaðar ár hvert.

Matsforsendur

Til að koma til álita við veitingu viðurkenningarinnar þarf garður, gata eða fyrirtæki að hafa skarað fram úr á einu eða fleiri eftirtöldum sviðum, eftir því sem við á í hverjum flokki:

1. Ásýnd umhverfis

Hvernig er heildarásýnd umhverfis? Er umhverfi fallett og snyrtilegt?

2. Umhirða lóðar

Hvernig er umhirða á lóðinni sjálfri, er gras slegið vel og reglulega, baklóð?

3. Umhirða trjágróðurs

Hvernig er umhirða trjágróðurs, er trjágróður vel klipptur og snyrtur?

4. Umhirða blóma og beða

Eru blóm vel snyrt og fallett? Eru beð vel hirt og laus við arfa?

5. Hönnun og skipulagning lóðar

Er svæði sérstaklega vel hannað, s.s. með tilliti til notkunar eða umhverfisins?

6. Ásýnd húsnæðis og bygginga

Er húsi, bílskúr eða öðrum byggingum á lóðinni vel við haldið?

7. Áhersla á umhverfismál

Er áhersla lögð á umhverfismál, er hugað að úrgangsmálum og mengunarvörnum?

8. Staða úrgangsmála og mengunarvarna

Er úrgangur endurunninn, endurnýttur, takmarkaður? Eru mengunarvarnir í lagi?

9. Umhverfisstefna

Hefur fyrirtækið/stofnunin skjalfesta umhverfisstefnu sem framfylgt er?

10. Umhverfisstjórnun

Hefur fyrirtækið/stofnunin komið á fót umhverfisstjórnun eða innra eftirliti með umhverfismálum?

11. Vistvæn starfsemi

Hefur fyrirtækið/stofnunin lagt áherslu á vistvæna starfsemi, s.s. í vöruþróun, framleiðslu eða innkaupum?